




## Slysavarnir 0-5 mánaða barna

112



### Fall

Skiljið aldrei barn eftir eftirlitslaust á skiptiborði eða öðrum húsgögnum.

Barn í barnabílstól eða ömmustól/taustól getur mjakað sér fram af borði eða öðrum húsbúnaði.

Munið að festa barn alltaf vel í barnabílstólinn.

Gætið þess að eldri börn klifri ekki á barnavagni eða vögg.

Ungbörn þola ekki að þeim sé hent upp í loft eða hrist. Það getur blætt inn á heilann.

### Brunaslys

Drekkið aldrei heita drykki með barn í fanginu.

Hafið ekki barn í fanginu né í magapoka þegar þið eldið.

Matvæli hitna ójafnt í örbylguofni.

Kjörhitastig baðvatns er 37°C.

Ekki hafa rúm barnsins við ofn, litlir fætur geta rekið sig í hann.





## Slysavarnir 0-5 mánaða barna

### Köfnun

Notið léttar sængur og engan kotta fyrsta árið.

Leggið barn til svefns á bakinu.

Rúm og sængurföt fullorðinna og það að sofa við hlið fullorðinna eykur hættu á köfnun.


Skiljið barn aldrei eftir á grjónapúða, í vatnsrúmi eða á brjóstagjafapúða.

Skiljið ungbarn aldrei eitt eftir með pela.

Fjarlægjið reimar og bönd úr fatnaði svo þrengi ekki að hálsi barns. Barn má aldrei sofa með snuðkeðju.

Skartgripir og ungbörn fara ekki saman.

Gætið þess að gæludýr komist ekki í rúm barns.



### Leikföng

Veljið leikföng sem hæfa aldri og þroska barnsins. Leikföng þurfa að vera mjúk og létt.

Fylgjist með hvers konar leikföng eldri börn rétta yngri börnum.

Skarpar brúnir geta skorið og marið barnið.


Rétt er að varast hávær leikföng og ekki setja þau of nálægt eyrum barnsins.

Hengið ekki óróa fyrir ofan vöggu eða barnarúm þar sem barnið getur náð í hann.





## Slysavarnir 0-5 mánaða barna



### Útivera

Hafið barnið í beisli frá fyrsta degi í barnavagninum. Setjið endurskinsmerki á vagninn.

Ekki er mælt með því að börn sofi úti í frosti eða roki.

Notið hlífðarnet til að hindra að kettir og skordýr komist að barninu. Forðist þykk, lokuð teppi yfir vagnopið sem geta hindrað eðlileg loftskipti.

Fylgist reglulega með barninu meðan á útisvefni standur.

Ef notaður er magapoki gangið úr skugga um að hann sé rétt festur, þannig að engin hætta sé á að hann losni.

### Drukknun

Víkið aldrei frá barni í baði, ekki eitt augnablik.

Treystið aldrei barni undir 12 ára aldri til þess að gæta kornabarns í baði. Þau hafa ekki þroska til að bera þá ábyrgð.

Baðsæti eru ekki öryggisbúnaður og því má aldrei líta af barni í slíkum búnaði. Þau má ekki nota fyrr en barnið hefur náð 6 mánaða aldri.



Börn 0 til 5 mánaða valda ekki slysum sjálf heldur verða slysin þegar að foreldrar eru ekki vakandi fyrir þeim hættum sem þessum aldri fylgir.



## Slysavarnir 0-5 mánaða barna

### Barnabílstóll

Barn yngra en 1 árs má ekki snúa í akstursstefnu því höfuð þess er þungt og hálsliðir viðkvæmir.

Kannið áður en stóllinn er keyptur að hann passi í þá bíla sem á að nota hann í. Notið einungis öryggisbúnað sem er viðurkenndur í Evrópu.

Ungbarnabílstóll má ekki vera eldri en 5 ára og ekki mega fleiri en tvö börn hafa notað hann því þá er spennan á beislinu ekki örugg. Ekki kaupa notaðan barnabílstól af ókunnugum.

Forðist að láta barn yngra en 6 mánaða sitja lengi í barnabílstól. Það reynir mikið á bak barnsins og getur í sumum tilfellum haft áhrif á öndunina.

Hafið barn í fatnaði sem fellur þétt að líkamanum, forðist fyrirferðamikla galla og gætið þess að einungis sé hægt að koma 2 fingrum fyrir á milli barns og beltis.

Barn á aldrei að skilja eftir eitt í bíl.

Einungis efri hluti höfuðs (fyrir ofan eyru) má standa upp úr stólnum.



Beltið verður að falla það þétt að líkama barnsins að einungis 2 fingur komist á milli.



Það hefur ekki áhrif á öryggi barnsins þó fætur standi út úr stólnum.



Aldrei má hafa ungbarnastól í framsæti ef virkur öryggispúði er í mælaborði.





# Slysavarnir 0-5 mánaða barna

## Skiptiborð

Veljið skiptiborð sem er stöðugt og með hliðum.

Æskilegt er að velja skiptiborð með öryggisól.

Kannið vel stöðuleika skiptiborðsins.

Kynnið ykkur hámarksburðargetu borðsins.

Fylgið nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um samsetningu, notkun og viðhald.

Ef skiptiborð er með baði er æskilegt að setja stama mottu í botn þess.

Það má aldrei líta af barni þegar það liggur á skiptiborði.



## Ungbarnavagga og rúm

Bil á milli rimlanna má ekki vera meira en 6 cm.

Botnplata rúms þarf að vera vel fest og falla að rúmgrindinni.

Ef hjól eru undir rúmfótum þarf að vera hægt að læsa þeim.

Dýnan á að vera hæfilega stíf og passa vel í rúmið. Ekki á vera hægt að setja fleiri en tvo fingur milli dýnunnar og hliða vöggunnar.

Tempur-dýnur og vatnsdýnur eru alls ekki ætlaðar ungum börnum. Þær gefa of mikið eftir svo hætta skapast á að barnið sökkvi ofan í dýnuna og slíkt getur valdið köfnun.

Til að hlífa dýnunni við bleytu á ekki að nota plast heldur þar til gerð lök (pissulök).

Ungbarnavöggju á ekki að nota nema í stuttan tíma.

Fylgið nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um samsetningu, notkun og viðhald.